



Vinnumarkaður á toppi öldunnar

Vinnumarkaðurinn fær meiri athygli

Eins og oft áður er staðan á vinnumarkaði einn af stærstu óvissuþáttunum hvað varðar þróun íslensks efnahagslífs á næstunni. Á næstu mánuðum verður tekist á um kaup og kjör, en staða atvinnamála, atvinnuþáttaka o.s.frv., skipta auðvitað miklu máli fyrir styrkleika einstakra aðila í þeim umleitunum.

Þessi staða hefur fengið sinn sess í nýjum stjórnarsáttmála. Þar segir t.d. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launafólki og samfélaginu raunverulegum ávinningi og að ríkisstjórnin vilji vinna með aðilum vinnumarkaðarins að því að skapa ábyrgan vinnumarkað.




Dregur úr fjölgun fólks á vinnumarkaði

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru um 201 þúsund manns á aldrinum 16–74 ára á vinnumarkaði í október 2017, sem jafngildir 82% atvinnuþáttöku. Atvinnuþáttaka hefur heldur leitað niður á við síðustu mánuði og starfandi fólki er hætt að fjölga jafn mikið og verið hefur. Í lok síðasta árs var atvinnuþáttaka álíka mikil og hún varð mest fyrir fjármálakreppuna. Margt bendir til þess að vöxtur vinnuafleifisþrúnaðar hafi náð hámarki en einnig að vinnumarkaðurinn verði áfram kröftugur.

Vinnutími og atvinnuleysi á niðurléið

Vinnutími er einnig að styttest samkvæmt vinnumarkaðskönnuninni ef lítið er á 12 mánaða hlaupandi meðaltal. Þar sem fjöldi starfandi er nokkuð óbreyttur er heildarvinnustundum að fækka sem hefur ekki gerst síðan á seinni hluta ársins 2012.

Atvinnuleysi minnkar enn þótt breytingarnar séu óverulegar. Tæpur fimmtungur fyrirtækja vill nú fjölga starfsfólki frekar en fækka því. Hlutfall fyrirtækja sem telur sig búa við skort á starfsfólki hefur lítið breyst undanfarin misseri þrátt fyrir mikinn innflutning á erlendu vinnuafli. Tölur um





búferlaflutninga benda til áframhaldandi fjölgunar erlends starfsfólks í landinu þótt því hafi upp á síðkastið fjölgað hægar en á öðrum fjórðungi ársins.


Tölur Vinnumálastofnunar sýna að starfsfólki starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja heldur áfram að fjölga. T.d. fjölgaði um rúmlega 1.200 manns í þessum hópi milli september 2016 og 2017 og var hópurinn orðinn 1,1% af fjölda starfandi í september 2017 miðað við 0,4% árið áður.

Segja niðurstöðurnar rétta sögu?


Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar hafa að undanfögnu ekki verið í samræmi við almenna tilfinningu fyrir vinnumarkaðnum, sem virðist vera á fleygiferð. Úrtak könnunarinnar nær eingöngu til fólks sem er í þjóðskrá og með lögheimili á Íslandi. Hluti erlenda vinnuaflsins er á landinu í tiltölulega skamman tíma og er því ekki í þjóðskrá. Þannig er líklegt að nokkur hluti erlends vinnuafls sem starfar hér tímabundið sé ekki talinn með eða komi seint fram í opinberum tölum. Þá er einnig líklegt að útlendingar svari síður en aðrir, lendi þeir í úrtaki. Niðurstöður gætu því falið í sér vanmat á fjölgun starfa og þar með vinnuaflsnotkun.

Rangar mælingar á framleiðni


Rétt mæling á heildarvinnustundum skiptir miklu máli í sambandi við mat á framleiðni. Aukning á framleiðni er einmitt lykilhugtak fyrir launaþróun og ef ætlunin er að nálgast norrænar aðferðir við launasetningu er mikilvægt að hægt sé að treysta mælingum á framleiðni. Vanmat á fjölgun heildarvinnustunda felur þannig í sér ofmat á vexti framleiðni. Hagstofan telur þannig að framleiðni vinnuafls hafi aukist um 4,3% í fyrra eftir mjög hægan framleiðnivöxt nokkur ár þar á undan. Samskonar vanmat á fjölgun heildarvinnustunda nú mun einnig sýna að framleiðnivöxtur vaxi meira í ár en ella. Mat sem byggir á óáreiðanlegum niðurstöðum er engum til gagns.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands. 2017-2020 er spá Seðlabankans.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.